



Reykjavík, 4. júní 2024

MSS24020072

Íbúaráð Kjalarness
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Samantekt íbúafundar borgarstjóra á Kjalarnesi

Borgarstjóri hélt opna íbúafundi í 10 hverfum borgarinnar í vor þar sem boðið var upp á opið samtal við íbúana í hverfunum. Farið var yfir hvað væri gott í hverfunum og hvað mætti betur fara. Fundirnir voru haldnir í grunnskólum og samkomustöðum í hjörtum hverfanna. Fundirnir voru vel sóttir og alls staðar voru barnahorn.

Fjölmargar hugmyndir komu frá borgurunum sem fara sína leið í kerfinu og einhverjar munu komast til framkvæmda. Hjalagt er samantekt íbúafundar borgarstjóra á Kjalarnesi sem send er íbúaráði Kjalarness til upplýsinga, umræðu og umfjöllunar.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjalagt:
Samantekt íbúafundar borgarstjóra á Kjalarnesi

Samantekt íbúafundar borgarstjóra á Kjalarnesi 2. mars 2024

Borgarstjórinn í Reykjavík hélt opinn íbúafund í félagsheimilinu Fólksvangi, laugardaginn 2. mars 2024, þar sem boðið var upp á samtal íbúa og borgarstjóra. Um 55 manns sóttu fundinn.

Borgarstjóri opnaði fundinn og kynnti fyrirkomulag. Áhersla væri á þátttöku gesta með annarsvegar umræðu í hópum og hins vegar í formi könnunar á forritinu Menti þar sem hver og einn fundargestur gæti sett inn sínar áherslur og tekið þátt í að mynda orðaský sem birtist á skjá. Í framhaldi af því væri orðið gefið laust og fólk gæti betur útskýrt málið fyrir öllum fundagestum, auk þess sem starfsfólk borgarinnar gæti betur tekið niður ábendingar.

Hvað er það besta við Kjalarnes?

Gestir voru spurðir hvað væri það besta í þeirra nærumhverfi.

Mikil ánægja var með nálægð við náttúruna, Kjalarnes væri eins og sveit í borg og þar væri friðsæld, kyrrð og öryggi. Gestir voru ánægðir með samfélagið, nágrannar væru góðir og samfélagið væri barnvænt. Þá voru gestir einnig ánægðir með skólann, sundlaugina og björgunarsveitina. Að lokum nefndu gestir að þeir væru ánægðir með að fasteignaverð væri viðræðanlegt.

Orðaský fundargesta:

Mentimeter

Hvað er það besta í þínu nærumhverfi?

108 responses



Hvað má bæta á Kjalarnesi?

Næst voru gestir spurðir hvað mætti bæta í þeirra hverfi.

